

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 1. nóvember 2016, kl. 17:00.

Mætt voru: Friðrik Sigurbjörnsson, Alda Pálsdóttir, Jakob Fannar Hansen, Walter Fannar Kristjánsson og Fanný Björk Ástráðsdóttir.

Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Nýr formaður Friðrik Sigurbjörnsson, stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

## Dagskrá:

### 1. Menningar- og íþróttamál

- Hlíf Arndal kynnir starfsemi Bókasafnsins
- Sýningaopnun í Listasafni - kynning
- Kvöldopnun í Sundlauginni Laugaskarði - Samflot

### 2. Jólin koma 2016

- Vetraropnun í Hveragarðinum
- Jólaluggar
- viðburðadagatal

### 3. Listamannahúsið Varmahlíð – kynning

### 4. Ársskýrsla unglíngadeildarinnar Bruna, HSSH

### 5. Íþróttamaður ársins 2016

### 6. Landsmót 50+ 2017 - kynning

### 7. Fjárhagsáætlun 2017

### 1. Menningar- og íþróttamál

- Hlíf Arndal kynnti starfsemi bókasafnsins og það sem er á döfnni. Á næstunni er fyrirlestur um uppeldismál, norræn bókasafnsvika, upplestur úr nýjum bókum o.fl.
- Ný sýning kemur í Listasafnið 26. nóvember. Sýningin ber yfirskriftina Nautn (conspiracy of pleasure). Tilraunaverkefni verður í safninu í vetur að vera með fjölskyldudagskrá fyrsta sunnudag í mánuði kl. 14 – 15.
- Bréf kom frá stjórn Setra og sýninga á Suðurlandi um að safnahelgi á Suðurlandi verður ekki í þeirri mynd og verið hefur.
- Ákveðið að vera með lengri kvöldopnun af og til í vetur í Sundlauginni Laugaskarði. Fyrsta kvöldopnunin var 7. október og var mjög góð mæting. Þema kvöldsins var epsom salt, spa meðferð í gufubaðinu. Næsta kvöldopnun verður 12. nóvember og verður sveita-samflot í samvinnu við Systrasamlagið og Flothettu. Stefnt er að jólaopnun fyrir alla fjölskylduna í desember.

### 2. Jólin koma

- Ákveðið hefur verið að koma til móts við aukinn fjölda ferðamanna og hafa vetraropnun í Hveragarðinum. Umræður um viðburði tengda jólum í garðinum.

- Jólaluggaopnanir í fyrirtækjum og stofnunum er orðin hefð síðan 2009. Umræður um jólaluggana og viðburði þeim tengda.
- Hveragerðisbær hefur gefið út viðburðadagatal tengt stofnunum og félögum fyrir jólin. Ákveðið að bjóða þjónustufyrirtækjum að taka þátt.

### 3. Listamannahúsið Varmahlíð

Menningar og frístundafulltrúi kynnti þá listamenn sem hafa dvalið í húsinu árið 2016 og framlag þeirra. Auglýst verður í nóvember eftir dvalargestum fyrir árið 2017.

### 4. Ársskýrslur

Ársskýrsla unglingsdeildarinnar Bruna, HSSH, lögð fram til kynningar.

### 5. Íþróttamaður ársins 2016

Lögð fram reglugerð um kjör íþróttamanns ársins til kynningar. Umræður um framkvæmd kjörsins, hvort að ætti að veita viðurkenningu fyrir íþróttakonu og –karl. Ákveðið að ræða það betur í byrjun næsta árs. Farið eftir reglugerð um úthlutun árið 2016. Menningar og frístundafulltrúa falið að afla upplýsinga um afreksfólk ársins 2016. Hátíðin fer fram í Listasafni Árnesinga 28. desember nk.

### 6. Landsmót 50+ 2017 – kynning

Menningar og frístundafulltrúi kynnti störf Landsmótsnefndar 50+ fyrir landsmótið á næsta ári.

### 7. Fjárhagsáætlun 2017

Nefndarmenn fóru yfir fjárhag ársins og ræddu fjárhagsáætlun 2017 fyrir menningar-, íþróttá- og frístundasvið.

### Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:47

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Alda Pálsdóttir, (sign)

Jakob Fannar Hansen, (sign)

Walter Fannar Kristjánsson, (sign)

Fanný Björk Ástráðsdóttir, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)

